



### Byggingarlýsing

Sótt er um leyfi fyrir 206,4 m<sup>2</sup> frístundahúsi á einni hæð á lóðinni við Ferjubraut 11 í landi múrara, Öndverðamesi. Staðgreinir 8719-1-96320110, landnúmer L224508

**Burðarvirki:**  
Útveggir og burðarveggir eru úr krosslimdu timbri. Botnplata og sökkull eru úr steinsteypu. Þakið er einhalla krosslimt timburpak. Burðarvirki hússins er í svignunarflokki A.

**Einangrun, veðurkápa og loftun:**  
Sökkjar eru einangraðir með 50mm plasteinangrun 500mm niður fyrir botnplötu sem er einangruð með 100mm plasteinangrun. Útveggir hússins eru einangraðir að utanverðu með 100mm steinull og klæddir dökkri málmklæðningu í amk. flokki 2. Litur, efni og frágangur ákveðast í samráði við arkitekt, sbr. sérupprætti. Þakið er einangrað með 225mm þakull og klætt úthagatorfi. Á krossvið er bræddur tvöfaldur asfaldúkur í flokki T af viðurkenndri gerð.

**Loftun og loftræsting:**  
Til að koma í veg fyrir skemmdir vegna uppsafnaðrar rakabættingar skulu öll rými hússins ásamt útveggjum og þaki vera loftuð ýmist náttúrulega eða vélrænt. Til að koma í veg fyrir aðgang meindýra eru skordýranet í öllum loftunargötum.

**Frágangur innanhúss:**  
Innveggir eru úr 120mm krosslimdu timbri. Burðarveggir eru úr krosslimdu timbri. Votrymisveggir eru reistir með 70mm CLT og klæddir með tvöföldu lagi af rakapolnum gipsplötum. Öll byggingarefni skulu vera í amk flokki 2. Í votrymum er gert ráð fyrir gólfniðurföllum og gluggalaus rými eru bún vélrænni loftræsting.

**Gler, gluggar og hurðir:**  
Allir gluggar og hurðir eru ýmist timbur-timbur eða timbur-ál. Opnanleg fög og hurðar eru með opunarstillingum til úloftunar og eða loftunnarist í gluggakörmum. Allir gluggar eru með amk. U-gildi 1,2. Öryggisgler er í gólfstöðum gluggum og rennihurðum.

**Brunavarnir:**  
Reykskynjarar eru í herbergjum, anddyri, þvottahúsi og alrymi. Slökkvitæki er í anddyri og eldvarnarteppi í eldhúsi. Björgunarop í svefnherbergjum eru þannig útbún að þau haldast sjálf í opinni stöðu. Yfirborðsefni innanhúss ásamt utanhúsklæðningu eru lágmarki í flokki 2. Yfirborðsefni í skýli er í flokki 1. Arinn skal uppfylla greinar 9.6.5. og 9.6.6. byggingarreglugerðar.

**Lagnir:**  
Neyslutvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu. Gólfhitatalagnir eru steyptar í gólfplötu. Inn tök eru í þvottahúsi við anddyri. Amk. 2500 lítra þriggja höfna rotþró er komið fyrir nálægt bílastæði. Fráveituvatn, sem þarf ekki að fara í rotþró, skal leitt í skiptibrunn eða jöfnunarpör.

**Lóð:**  
Gengið verður frá lóð á sem náttúrulegastan máta. Þrjú bílastæði eru á lóð. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbila við bílastæði.

**Stækkun lóðarmarka**  
Lóðarmörk á uppdrætti eru samkvæmt deiliskipulagsbreytingu fyrir Ferjubraut 11, sem var samþykkt í sveitarstjórn þann 07.10.2020. Breytingin felst í því að lóðin við Ferjubraut 11, stækkar til vesturs um 693 m<sup>2</sup>. Stækkunin er gerð þar sem landhalli, jarðvegsdýpt og bleyta gera mannvirkjargærd erfiða innan núverandi byggingareils. Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni er lóðin og byggingarreitur lóðar stækkuð til vesturs, þar sem aðstæður til húsbýggingar eru mun betri.

**Athugasemdir:**  
Allir aðkeyptir byggingarhlutar skulu bera vottun samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

Húsið er ekki hannað samkvæmt algildri hönnun.

### Niðurstaða varmatapsútreikninga:

Útveggir	U=0,40 W/m <sup>2</sup> K (Ti>=18°C)
Gluggar:	U=2,00 W/m <sup>2</sup> K (Ti>=18°C)
Hurðir	U=2,00 W/m <sup>2</sup> K (Ti>=18°C)
Þakvirki:	U=0,20 W/m <sup>2</sup> K (Ti>=18°C)
Gólf:	U=0,30 W/m <sup>2</sup> K (Ti>=18°C)

Vegið heildarvarmatap á fermetra húss er 1,81 W/m<sup>2</sup>C

### Helstu stærðir skv skráningartöflu:

Birt stærð: 206,8 m<sup>2</sup>  
Brúttó rúmmál: 759,2 m<sup>3</sup>  
Stærð lóðar er 6.893 m<sup>2</sup>  
Nýtingarhlutfall lóðar: 0,03

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

**Samþykkt**

21. apríl 2021

*David Smarðsson*  
Byggingarfulltrúi

### Afstaða 1:20.000



### Skýringar

P	Bílastæði
S	Sorp
R	Rotþró
HP	Heitur pottur
LM	Lóðarmörk
BR	Byggingarreitur

### Fyrirvari

Hæðakótar í sniðum og útlitum eru í metrum. Málsetningar eru í millimetrum.

Mælið ekki af teikningum.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum, verkýsingum og teikningum annarra hönnuða.

Öll mál skal athuga á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

20211239			
Útgáfa	Breyting	Dags.	Teiknað Yfirfarð
-	-	-	-

### Ferjubraut 11

Stgr. 8719-1-96320110 | Landnr. L224508

Frístundahús	<b>093</b>
Tegund verks	Verknr.

Aðaluppdrættir	<b>1:500</b>
Afstöðumynd og byggingarlýsing	Mkv.

A-100	-	1/7 A2
Raðnúmer	Útgáfa	Blað Stærð

<b>ÁMÞ</b>	AGLA	<b>08.04.21</b>
Teiknað	Yfirfarð	Útgáfa dags.

## TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 519-2930 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAI | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is  
Guðni Valberg | Arkitekt FAI | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is  
Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAI | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is

©Triþólí Arkitektar  
Öll afnot og afitun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfundar.

Hvítá

Ferjueyri

Afstöðumynd  
mkv. 1:500

